

# Starfsfólk starfsmannaleigu

Öryggi og heilsa við tímabundin störf



**Starfsfólk starfsmannaleigu er með sömu réttindi og verndarákvæði hvað varðar öryggi og heilsu og aðrir starfsmenn notendafyrirtækis**

**Gætið að  
öryggi og  
heilsu á  
vinnustað**

Rannsóknir sýna að starfsfólk með tímabundið ráðningarsamband er, innan vissra starfsgreina, almennt líklegra að vera í aukinni hættu á vinnuslysum og atvinnutengdum sjúkdómum en annað starfsfólk.

Þessar auknu áhættur í tilteknum starfsgreinum eru að hluta til tengdar þáttum sem snúa að aðlögun nýs starfsfólks að notendafyrirtæki. Bæði starfsmannaleiga og notendafyrirtæki bera ábyrgð og eiga að stuðla að öryggi og heilsu starfsfólks starfsmannaleigu.



## MIKILVÆGT

Áður en þú tekur til starfa samkvæmt tímabundnu ráðningarsambandi hjá notendafyrirtæki er vinnustaðnum skylt að kynna þér þær áhættur sem starfinu fylgja, þá sérstaklega tengt starfshæfni þinni og öðrum sértækum áhættuþáttum starfsins. Samkvæmt lögum þá þarfnast sum störf sértæks heilsueftirlits en slík störf eru ekki heimil starfsmönnum starfsmannaleiga.

Hæfni

Athugið



Í vissum starfsgreinum (t.d. landbúnaði, ræstingabjónustu, byggingarvinnu o.s.frv.) átt þú frekar á hættu að verða fyrir vinnuslysum eða atvinnutengdum sjúkdómum en aðrir starfsmenn í þessum starfsgreinum. Mundu að nota persónuhlífar þínar, sem notendafyrirtækið á að útvega þér að kostnaðarlausu.

Persónuhlífar  
(PPE)

Mundu



Þeir sértæku áhættuþættir sem snúa að þér sem starfsmanni með tímabundna ráðningu þarfnast ítarlegrar og fullnægjandi þjálfunar byggt á eðli og áhættuþáttum starfsins — þjálfunar sem tekur mið af hæfni þinni og reynslu.

Þjálfun

Ekki gleyma

